

Erindi á rannsóknarráðstefnu Vegagerðarinnar 5. nóvember 2010.

Pungaálag reiknað út frá ferilgreiningu og rafræn gjaldheimta.

Verkefnið felst í útfærslu hugmyndafræði um greiningu og flokkun þungaumferðar á vegakerfinu samhliða útfærslu rafræns akstursálesturs fyrir sjálfvirka innheimtu akstursgjalds, sem lagt er á þung ökutæki í samræmi við heildarþyngd. Úrvinnsla ferilgagna- og kortavörpun er nýtt til að meta og reikna þungaálag á einstaka hluta vegakerfisins.

Markmiðið er að geta á sjálfvirkan hátt safnað gögnum um þungaálag og niðurbrotsáhrif umferðar sem er einn af þeim þáttum sem hafa áhrif og eru lagðir til grundvallar við áætlanagerð í nýbyggingar-, viðhalds og þjónustuverkefnum svo og við stýringu á þungatakmörkunum á þýðutímabilum.

Með gögnum frá umferðarteljurum og umferðargreinum liggja nú fyrir all-nokkrar upplýsingar um þungaálag á vegakerfið og með sjálfvirkri útgáfu af frostmælistöfum fást nú einnig betri upplýsingar um burðarástand vegarins á hverjum tíma. Fjöldi þessara umferðargreina og frostmælistafa er takmarkaður og eru upplýsingar frá þeim bundnar við þá staði þar sem þeir eru settir niður, en með því að nýta sér ferilgreiningu er hægt að beintengja upplýsingar frá þessum tækjum og reikna út þungaálag og niðurbrotsáhrif fyrir þá vegakafla sem þessi ökutæki fara um. Samhliða þungaálagi er einnig unnið að útfærslu rafrænnar innheimtu á þungaskatti m.a til hagræðingar fyrir ökutæki sem búin eru ferilbúnaði með það m.a. fyrir augum að fækka komum í álestur.

Möguleikar ferilbúnaðar og fjarskipta eru orðin það þróuð að núna er tæknilega fátt til fyrirstöðu rafrænnar gjaldheimtu. Margt er hins vegar óunnið varðandi áherslur, stefnu og markmið. Gerð er grein fyrir nokkrum útfærslum og álitamálum sem komið hafa upp við prófanir og innleiðingu gjaldheimtu og tollakerfa erlendis.

Einar Pálsson og Björn Ólafsson